Ágæta bæjarstjórn, bæjarráð og skipulagsráð.

Árið 2011 lagði undirritaður fram beiðni um lóð undir byggingu Sport hótels (heilsu-,náttúru-, íþrótta- og golf hoteli) í malargryfjunni við Hána ofan íþróttasvæðis ÍBV.

Vel var tekið í erindið en ekki unnt að verða við því þá þar sem bent var á að þáverandi deiliskipulag samræmdist ekki umræddri lóðarumsókn.

Ráðið féllst hins vegar á að vinna að breytingum þannig að deiliskipulag gæti samræmst umræddri beiðni.

Í framhaldi var farið í hefðbundin verkefni skipulagsvinnu, kynningu o.s.frv. Einnig var farið með staðsetninguna í ,,hrunmat".

Árið 2012 / 2013 var síðan kominn grundvöllur fyrir lóðarveitingunni.

Þá fljótlega var komið leyfi til byggingar hótelsins og notkunar svæðisins undir verkefnið,. Framkvæmdaleyfi var komið í hús og styttist í framkvæmdir. Þá tók við óvænt stefna á skjön við hefðbundin vinnuferli. Áður voru menn jákvæðir þar sem Landeyjahöfn hafði opnað og vonir stóðu til að mikill uppgangur yrði í ferðaþjónustu Eyjamanna, líkt og gerst hefur á Suðurlandi. Því miður þekkjum
við lokunarsögu Landeyjahafnar og enn stopular ferðir til Eyja. Þetta hafði áhrif þá á fyrirætlanir og fjármögnunaraðila að verkefninu .

Nú horfa menn til þess að með þeim fjölda sem þegar kemur með Herjólfi og með von um betri samgöngur fram undan verði unnt að reka nokkur hótel af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir 100+ með öllum þeim gæðum sem 4 stjörnu og 5 stjörnu hótel hafa uppá að bjóða. Fjármögnunaraðilar eru því reiðubúnir til að hefja verkefnið. Um er að ræða öfluga og trausta aðila sem koma að verkefninu á öllum stigum og rekstri þess.

Því er lögð fram endurnýjuð beiðni um umrætt land til úthlutunar.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir sem sýna 3-4 gerðir af líklegum hótelbyggingum. Lögð er áhersla á að vinna þetta hratt, vel og að falli vel í landslagið. Endanleg útfærsla verði vönduð og gerð í góðu samráði við Vestmannaeyjabæ, svo við getum öll verið stolt af.

(Hótel Há! Hótel Hásteinn, Hótel Eyjar! eða því nafni sem hótelinu verði gefið.)

Óska eftir skjótum og jákvæðum viðbrögðum

Virðingarfyllst,

Þröstur B. Johnsen